

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 679/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á rauðkáli og kínakáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9002	Rauðkál	30.12.02 - 30.06.03	ótilgr.	30	0
0704.9003	Kínakál	06.01.03 - 30.06.03	ótilgr.	30	0

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. desember 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir raforku.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir raforku, er taki gildi 1. janúar 2003.

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir raforku, nr. 703, 21. september 2001, breytist þannig:

Eftirfarandi nýir gjaldskrártaxtar gilda fyrir raforkusölu á orkuveitusvæði Hitaveitu Suðurnesja hf. í Vestmannaeyjum (ef annars er ekki getið gilda almennir taxtar):

#### A.0.V Verð á rafmagni til almennrar notkunar/hiti:

Orkugjald .....	4,03 (4,24) kr./kWst
Fermetragjald .....	109,70 (115,38) kr./m <sup>2</sup>
Fastagjald .....	3.912 (4.870) kr./ár

#### A.1.V Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Orkugjald .....	6,17 (7,68) kr./kWst
Fastagjald .....	2.575 (3.206) kr./ár